

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Skagafjarðar, nr. 1336/2022.

1. gr.

1. mgr. 16. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Fundargerðir sveitarstjórnar skulu skráðar og undirritaðar með rafrænum hætti. Um ritun fundargerða sveitarstjórnar skal að öðru leyti farið eftir leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

2. gr.

2. og 3. mgr. 39. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu skrá fundargerðir með rafrænum hætti. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð, en nefnd getur þó ráðið sér fundarritara utan nefndar.

Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnar, sbr. 16. gr. samþykktar þessarar.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 47. gr. samþykktarinnar:

a. 3. tölul. B-liðar orðast svo:

Landbúnaðar- og innviðanefnd: Sveitarstjórn kýs þrjú aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin annast stefnumótun um uppbyggingu, rekstur og þjónustusvið hita-, vatns-, sjó- og fráveitu samanber gildandi lög og reglugerðir þar um. Nefndin fer með hafnamál samkvæmt hafnalögum nr. 61/2003 og samgöngumál almennt í sveitarfélaginu. Nefndin gerir tillögu um skipulag hafnarsvæða til skipulagsnefndar að höfðu samráði við Vegagerðina. Nefndin fer með málefni Brunavarna Skagafjarðar í samræmi við lög um brunavarnir nr. 75/2000. Nefndin fer einnig með málefni sem varða náttúruvernd, umhverfismál, loftslagsmál og sörpmál. Þá vinnur nefndin að mótun umhverfisstefnu fyrir sveitarfélagið. Nefndin sér um framkvæmd laga um búfjárhald nr. 38/2013 að því er varðar verkefni sveitarfélagsins og hefur yfirumsjón með fjallskilamálum í samræmi við ákvæði fjallskilasamþykktar fyrir Skagafjarðarsýslu nr. 717/2021. Undir starfssvið nefndarinnar falla lög um landgræðslu nr. 155/2018. Nefndin hefur umsjón með eyðingu refa og minka samkvæmt lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994. Nefndin gerir tillögu um kosningu í Skarðsárnefnd samkvæmt samningi þar um. Einnig hefur nefndin eftirlit með girðingum skv. vegalögum nr. 80/2007. Auk ofangreindra verkefna getur sveitarstjórn falið nefndinni ýmis verkefni með erindisbréfum.

b. 4. og 6. tölul. B-liðar falla brott og uppfærast töluliðir sem á eftir koma í samræmi við það.

4. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Skagafjarðar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 21. mars 2023.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Ólöf Sunna Jónsdóttir.